

þannig, að af síðari hluta húsnæðismálastjórnarláns skuli greiðast vextir frá 1. september 1972 og fyrr ekki. Skilningur þessi byggist á orðalagi ákvæðisins og almennri málvenju. Dskj. nr. 4 styður enn fremur þessa túlkun ákvæðisins.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Hæfilegt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 4.500 í málskostnað.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna páskaaleyfis og mikilla anna dómarsins, sem var Auður Þorbergsdóttir.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Þengilsson, greiði stefnanda, Bjarna Höskuldssyni, kr. 8.700 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 10. maí 1972 til greiðsludags og kr. 4.500 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. febrúar 1975.

Nr. 9/1975. **Ragna Aðalsteinsdóttir og**
Sigríður Aðalsteinsdóttir
gegn
Ólafi Helgasyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 20. janúar 1975, sem barst Hæstarétti 21. s. m., hafa sóknaraðiljar samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar frávísunardómi, uppkveðnum í „héraðsdómi Ögurhrepps“ 3. janúar 1975. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi

felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma um efni málsins. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur í ódagsettri greinargerð krafist þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til, „en þó með þeirri breytingu, að hinn tildæmði málskostnaður í héraði verði stórlega hækkaður . . . “. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Þegar af þeim ástæðum, sem í héraðsdómi greinir, ber að staðfesta hann. Rétt er að sóknaraðiljar greiði varnaraðilja kr. 8.000 í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Ragna Aðalsteinsdóttir og Sigríður Aðalsteinsdóttir, greiði varnaraðilja, Ólafi Helgasyni, kr. 8.000 í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 3. janúar 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 16. f. m., hafa þær Ragna og Sigríður Aðalsteinsdætur, Laugabóli, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, höfðað fyrir héraðsdóminum með stefnu, birtri 2. október 1970, á hendur Ólafi Helgasyni, Njörvasundi 36, Reykjavík, til þess „með dómi gagnvart honum að fá viðurkenndan innlausnarrétt á veiðirétti á vatnasvæði fyrir hálfum Efstadal, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.“

Þá hafa stefnendur stefnt til réttargæslu landbúnaðarráðherra f. h. landbúnaðarráðuneytisins. Á hendur réttargæslustefnda eru eigi gerðar kröfur í þessu máli, og hann hefur heldur engar kröfur gert, enda ekki látið mæta í þessu máli.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að stefndi verði algerlega sýknaður, og loks til þrautvara, að sýknað verði að svo stöddu. Verði innlausn tildæmd, taki hún í engu tilfelli til veiðiréttar í Efstadalssvatni. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar eftir mati dómsins úr hendi stefnenda in solidum, hvernig sem málinu reiðir af, en verði það dæmt að efni til, krefst stefndi þess til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dags. 5. janúar 1942, selur stefndi, Ólafur Helgason, föður stefnenda, Aðalsteini Jónassyni, Laugabóli í Ögurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, hálfa jörðina Efstadal í Laugardal, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, „að undanteknum veiðirétti árinna, sem hann gerir ekki kröfu til þess að hann fylgi með í kaupunum.“

Stefnendur eru dætur Aðalsteins Jónassonar. Við lát hans erfðu þær þann jarðarhluta, sem hér um ræðir, og eru sameigendur að eigninni ásamt stefnda, Ólafi Helgasyni.

Með bréfi, dags. 8. febrúar 1966, fóru stefnendur þess á leit við landbúnaðarráðherra, að hann samþykkti innlaun á veiðirétti að hálfum Efstadal í Ögurhreppi, þar sem veiðiréttur hafði verið undanskilinn í sölunni til föður þeirra þann 5. janúar 1942. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Umræddur veiðiréttur er í Laugardalsá. Teljum við undanskot hans í afsalinu ólöglegt, sbr. gildandi lagaákvæði um þetta efni, sbr. og hliðstæð lagaákvæði, er í gildi voru, er afsalið var gert.“ Það er rangt í bréfi þessu að tala um afsal, þar sem hér er um kaupsamning að ræða.

Hinn 13. júní 1967 svarar landbúnaðarráðherra málaleitan stefnenda jákvætt með svofelldum orðum:

„Samkvæmt umsókn yðar í bréfi, dags. 8. febrúar sl., og að fengnum meðmælum Veðimálanefndar vill ráðuneytið með skírskotun til 3. gr. laga nr. 53, 5. júní 1957 um lax og silungsveiði, heimila yður og systur yðar Sigríði sem eigendum að hálfri jörðinni Efstadal í Ögurhreppi að innleysa til yðar veiðirétt í Laugardalsá, sem svarar til eignarhluta yðar í jörðinni“.

Hinn 12. desember 1967 ritar lögmaður stefnenda sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu bréf, þar sem hann beiðist þess, að sýslumaður útnefni eða dómkveðji óvilhalla menn til að meta veiðirétt þann, sem hér um ræðir, þannig að eigendur Efstadals geti leyst hann til sín og fengið að því loknu réttindi sín skráð í veðmálabækur.

Hinn 6. febrúar 1968 útnefnir sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu þrjá menn „til þess að meta veiðirétt hálfs Efstadals í Ögurhreppi í Laugardalsá og vötnum í Laugardal“.

Mat hinna dómkvöddu manna er dagsett 2. mars 1968. Að loknum inngangsorðum segir svo í matinu:

„Að vandlega athuguðu máli höfum við orðið sammála um að meta umræddan veiðirétt á kr. 7.000.00 — sjö þúsund krónur —“.

Eigi gafst matspola, Ólafi Helgasyni, kostur á að gæta hagsmuna sinna við mat þetta. En hinn 16. mars 1968 ritar lögmaður stefnenda stefnda bréf, þar sem hann kynnir honum niðurstöðu mats þessa. Í niðurlagi bréfsins óskar lögmaðurinn þess, að Ólafur Helgason láti sig vita, hvort hann samþykki matið eða ekki og „þá hve hátt þér teljið það eiga að vera og hvern hátt þér óskið að hafa á þessu.“

Með bréfi, dags. 18. júní 1968, svarar lögmaður Ólafs Helgasonar framangreindu bréfi. Í því er tekið fram, að Ólafur Helgason samþykki alls ekki innlausn þar greindra veiðiréttinda nema samkvæmt dómi. Enn fremur er framangreindu mati mótmælt, en til vara er fjárhæð þess mótmælt sem of lágri.

Ekki óskaði Ólafur Helgason eftir yfirmati.

Næst gerist það í málinu, að með stefnu, útgefinni 26. júní 1968, höfða stefnendur mál gegn Ólafi Helgasyni fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu. Þetta er aukadómþingsmálið nr. 9/1968. Dómur í þessu máli var uppkveðinn hinn 20. nóvember 1968 í aukadómþingi Ísafjarðarsýslu. Með þeim dómi er stefnendum veittur réttur til innlausnar samkvæmt 3. gr. laga nr. 53/1957 á veiðirétti í Laugardalsá í Ögurhreppi, sem svarar til jarðarhluta þeirra, gegn greiðslu til stefnda, Ólafs Helgasonar, á kr. 7.000.

Stefndi, Ólafur Helgason, vildi ekki una héraðsdóminum, og með áfrýjunarstefnu, dags. 4. febrúar 1969, skaut hann málinu til Hæstaréttar og krafðist þess, að undirréttardóminum yrði hrundið og allar kröfur hans í héraði yrðu teknar til greina.

Í mars 1969 gagnáfrýjuðu stefnendur.

Hinn 16. mars 1970 gekk dómur í máli þessu í Hæstarétti. Samkvæmt honum var hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Í forsendum hæstaréttardómsins segir m. a. svo: „Mál þetta var í héraði rekið fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu á Ísafirði, að því er virðist með samþykki aðilja. Samkvæmt ákvæðum 78. gr., sbr. 72. gr. laga nr. 85/1936 skyldi mál þetta rekið fyrir héraðsdómi í Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, og máttu aðiljar eigi semja um, að það skyldi rekið í annarri þinghá. Þegar af þessari ástæðu ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.“

Það athugast, að mál þetta er mjög vanreifað. Gögn skortir um, að málsaðiljar séu þinglesnir eigendur jarðarinnar Efstadals. Ekkert er fram komið um veiði í vötnum þeim, sem um er fjallað í

málinu, og á hvern hátt henni er ráðstafað. Eigi verður séð, að atvinnumálaráðuneytið hafi leitað álits aðaláfrýjanda, áður en gagnáfrýjendum var veitt leyfi til að leysa til sín veiðiréttinn. Þá kemur eigi fram, að hinir dómkvöddu matsmenn hafi gefið aðiljum kost á að gæta réttar síns, áður en þeir framkvæmdu mat sitt, og ekki kemur fram í matsgerðinni, hvaða gögn lágu fyrir matsmönnum og hvaða sjónarmið þeir lögðu til grundvallar við matsgerð.“

Eftir þennan hæstaréttardóm höfða stefnendur nýtt mál á hendur stefnda fyrir héraðsdómi Ögurhrepps, og er það mál það, sem hér er til úrlausnar.

Með bréfi, dags. 23. október 1970, til sýslumanns Ísafjarðarsýslu óskar lögmaður stefnenda eftir því, að dómkvaddir verði menn til þess að meta til innlausnar veiðirétt fyrir hálfu Efstaðalslandi, eign stefnenda, og verði aðiljum eða lögmönnum þeirra þá gert aðvart um matið og það rökstutt nægilega.

Hinn 3. nóvember 1970 dómkvaddi sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sömu menn til að framkvæma matið og þá, sem gerðu matið, dags. 2. mars 1968.

Með bréfi, dags. 22. mars 1971, til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu mótmælir lögmaður stefnda þessari dómkvaðningu sem algerri fjarstæðu, þar sem sömu menn séu dómkvaddir til þess að meta réttindi þessi og áður höfðu metið þau, en einmitt fyrra mat þeirra hafi sætt aðfinnslum í Hæstarétti á sínum tíma. Jafnframt getur lögmaðurinn þess í téðu bréfi, að hann hafi ekki fyrr en fyrir tveimur dögum fengið umrædda dómkvaðningu í hendur, en hún virðist hafa farið fram 3. nóvember 1970, án þess að sér væri á nokkurn hátt gert aðvart.

Á aukadómþingi Ísafjarðarsýslu, sem haldið var 13. september 1971, er dómkvaðning matsmannanna frá 3. nóvember 1970 felld úr gildi og dómkvaddir tveir nýir menn, þeir Jóhann Eiríksson fiskmatsmaður og Þorleifur Pálsson bankaritari, báðir á Ísafirði, til þess að framkvæma hið umbeðna mat. Í dómkvaðningunni segir m. a. svo:

„Ber þeim að skila skriflegri matsgerð og framkvæma matið eftir bestu vitund og þekkingu, svo þeir geti unnið eið að gerðinni, ef krafist verður. Ennfremur ber matsmönnum undir sama skilorði að gera grein fyrir, hvort veiði sé í vatnasvæði því, sem hér um ræðir. Matsmenn skulu ljúka matinu svo fljótt sem auðið er og gefa aðilum kost á að vera viðstaddir, þegar matið fer fram.“

Með símskeyti, dags. 14. september 1971, til lögmanns stefnda,

Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, tilkynnir sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu lögmanninum um dómkvaðningu þessa og jafnframt, að matið fari fram 17. september n. k. í Efstadal.

Hinn 17. september 1971 heldur sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu aukadómping Ísafjarðarsýslu, Ögurhreppspinghá, að Lauga-bóli. Var þá tekið fyrir mál þetta, og lagði dómariinn fram nr. 13 dómkvaðningu og nr. 14 framangreint símskeyti. Af hálfu stefnenda var mættur lögmaður þeirra, en „af hálfu stefnda f. h. Sigurðar Ólasonar hrl. er mættur Jónas Magnússon, kaupmaður, Sól-götu 1, Ísafirði.“ Enn fremur er þess getið í bókun, að matsmenn séu mættir samkvæmt dómkvaðningu og hafi dómariinn ásamt matsmönnum farið á vettvang og skoðað aðstæður allar.

Mat hinna dómkvöddu manna er dags. 27. janúar 1972. Það hljóðar svo að loknum inngangsorðum:

„Eftir að hafa skoðað vatnasvæði það, sem hér um ræðir, þann 17. september 1971 og að vandlega athuguðu máli, urðum við sam-mála um að meta veiðiréttinn á kr. 15.000.00 — fimmtán þús-und —.“

Hinn 8. febrúar 1972 ritar lögmaður stefnda lögmanni stefnenda bréf og sendir sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu eftirrit þess. Í þessu bréfi segir m. a. svo:

„Mér hefir í dag borist í hendur svokölluð „matsgerð“ um veiðirétt fyrir hálfum Efstadal í Ögurhreppi, dags. 27. f. m. Vil ég ekki láta hjá líða að setja þegar í stað fram eindregin mótmæli gegn plaggi þessu sem algerðri markleysu, þar sem matsmenn hafa alls ekki farið eftir fyrir mælum dómkvaðningarinnar og auk þess engan veginn gætt réttra sjónarmiða við sjálfa matsgerðina. Þeir hafa hvorki gefið mér (né umbj. m.) kost á að vera viðstaddir matið, né heldur hafa þeir gert neina „grein fyrir, hvort veiði sé í vatnasvæði því, sem hér um ræðir“, enda þótt þeir þykist að vísu hafa „skoðað“ það. Þá er sýnilegt, að þeir hafa ekki gætt réttra sjónarmiða við matið, þar sem matsfjárhæðin fyrir veiðina nú og um alla framtíð nær ekki helmingi þess, sem kemur í hlut umbj. míns við árlega arðskrárúthlutun Veiðifélags-ins.

Jafnframt því sem matsgerðinni er þannig mótmælt sem fjarstæðu, lögleysu og markleysu þá er henni *ex tuto* einnig mótmælt sem óstaðfestri og loks áskilinn réttur til að krefjast yfirmats innan 8 vikna frá deginum í dag að telja“.

Hinn 7. mars 1974 vék sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, Þorvarður K. Þorsteinsson, sæti í máli þessu *ex officio* á þeim for-

sendum, að hann hafi á sínum tíma sem fulltrúi í landbúnaðar-ráðuneytinu undirritað f. h. landbúnaðarráðherra leyfi til innlausnar veiðiréttar í Laugardalsá. Þar sem komið gæti til mála, að hann yrði kallaður sem vitni síðar í málinu, beri honum samkvæmt 37. gr., sbr. 36. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði að víkja sæti í málinu ex officio.

Hinn 15. maí 1974 var Garðar Gíslason, aðalfulltrúi yfirborgar-dómarans í Reykjavík, skipaður setudómari í Ísafjarðarsýslu til að fara með og dæma mál þetta. Vegna sérstakra embættisanna Garðars Gíslasonar féllst ráðuneytið á að leysa hann frá setu-dómarastörfum í máli þessu, og hinn 8. nóvember 1974 skipaði það Magnús Thoroddsen, borgardómara í Reykjavík, setudómara í málinu í stað Garðars.

Hinn 16. f. m. fór fram munnlegur flutningur um frávísunar-kröfu af hálfu stefnda.

Stefndi rökstyður frávísunarkröfu sína með því, að mál þetta sé ranglega höfðað, þar sem það hefði átt að sæta meðferð áreiðar- og vettvangsdómsmála, sbr. 3. kafla laga nr. 41 frá 1919. Hér sé um að ræða ágreining, að því er varðar „afnot vatns“, sbr. 16. gr. laganna. Samkvæmt ábendingu í dómi Hæstaréttar frá 18. mars 1970 eigi dómurinn að rannsaka eða fá upplýst „um veiði í vötn-um þeim, sem um er fjallað í málinu.“ Til slíks þurfi áreið og vettvangsgöngu. Þá sé einnig óvissa um það í sóknarskjöllum, til hvaða veiðisvæða innlausnarkrafan taki, hvort hún taki einungis til Laugardalsár eða einnig til Efstadalsvatns. Ekki hafi nein matsgerð farið fram samkvæmt 84. gr., 1. mgr., veiðilaga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Þetta verði áreiðar- og vettvangs-dómur að kanna sjálfstætt. Auk þess er því haldið fram af hálfu stefnda, að óvissa sé um landamerki.

Slík mál verði að reka fyrir landamerkjadómi. Því næst verði að gera lögleg landskipti milli jarðarhelminga, áður en fitjað sé upp á innlausn, sbr. orðið landareign í 1. mgr. 3. gr. lax- og silungsveiðilaganna.

Lögmaður stefnenda hefur í einu og öllu andmælt þessum stað-hæfingum lögmanns stefnda við munnlegan flutning um frávís-unarkröfuna.

Dómurinn getur ekki fallist á þessar röksemdir stefnda fyrir frávísun, sem nú hafa verið greindar.

Dómurinn getur ekki fallist á það með stefnda, að nauðsynlegt sé að höfða mál út af innlausn veiðiréttinda fyrir áreiðar- og vettvangsdómi samkvæmt 3. kafla laga nr. 41 frá 1919. Dómur Hæsta-

réttar frá 18. mars 1970 bendir eigi til þess, og dómur Hæstaréttar frá 3. maí 1940, þar sem deilt var um innlausn veiðiréttinda, gerir heldur eigi slíka kröfu. Ekki getur rétturinn heldur fallist á það, að nauðsynlegt sé, að landskipti fari fram á landi Efstadals, áður en unnt sé að dæma um réttindi þau, sem mál þetta snýst um. Hugsanlegur ágreiningur um landamerki jarðarinnar er því heldur eigi til fyrirstöðu, að dæmt sé um ágreining um innlausn á veiðirétti milli eigenda jarðarinnar Efstadals. Þessum frávísunar-ástaðum stefnda er því öllum hrundið.

Þá heldur stefndi því fram, að dómkröfur stefnenda séu ódómhæfar, þar sem þær krefjast, „að fá viðurkenndan innlausnarrétt“, án þess að ákveðin krafa sé gerð um innlausn og án þess að nein ákveðin fjárhæð sé nefnd eða boðin sem andvirði hins innleysta veiðiréttar. Engin gild matsgerð hafi heldur farið fram, hvorki til ákvörðunar veiðisvæða þeirra, sem um er að ræða, né heldur til ákvörðunar innlausnarfjárhæðar. Dómkröfur stefnenda séu þess vegna svo óljósar og óákveðnar, að eigi verði dómur á þær lagður, eins og þær liggi fyrir. Í rauninni feli þær eigi annað í sér en lagatúlkunarspurningu, en samkvæmt 67. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 segir, að „dómstólar verða ekki krafðir álits um lögfræðileg efni, nema að því leyti sem nauðsynlegt er til úrlausnar ákveðinni kröfu í dómsmáli.“ Slík „ákveðin“ krafa liggi ekki fyrir samkvæmt ofansögðu. Þá bendir stefndi á það, að engar löglegar matsgerðir liggi fyrir í málinu varðandi fjárhæð þess veiðiréttar, sem beiðst er innlausnar á. Þær matsgerðir, sem fyrir liggi í málinu, séu haldnar þeim annmörkum, að ekkert sé á þeim byggjandi, enda geri stefnendur það eigi í málalíbúnaði sínum. Að vísu sé heimilt samkvæmt 71. gr. laga um meðferð einkamála í héraði að skipta sakarefni máls. En þrátt fyrir það sé það samt sem áður ófrávíkjanlegt skilyrði, að sjálf dómkrafan sé það ákveðin, að ekkert fari milli mála. Þá bendir stefndi á, að þar sem ekki sé boðin fram greiðslan fyrir innlausn veiðiréttarins, þá verði síðar að höfða nýtt mál til þess að fá greitt endurgjald fyrir réttindi þessi, ef innlausn verði heimiluð, þar sem matsgerðir séu ekki aðfararhæfar.

Stefndi hefur vissulega mikið fyrir sér í því, að eðlilegast sé varðandi mál út af innlausn á veiðiréttindum, að í því liggi ljóst fyrir, hvert endurgjald sé fram boðið og hvernig það sé fundið, þannig að gera megí út um hvort tveggja í einu dómsmáli. Hins vegar verður rétturinn að telja, þegar hafður er í huga dómur Hæstaréttar frá 3. maí 1940 í málinu nr. 15/1940: Jósep Björnsson

gegn kirkjumálaráðherra f. h. kirkjujarðasjóðs og gagnsök, að stefnendum hafi verið heimilt að haga kröfugerð á þann veg sem þær hafa gert í þessu máli, enda þótt það geti haft í för með sér annað dómsmál út af endurgjaldi fyrir veiðiréttindin, verði innlausn viðurkennd. Af þessum sökum verður málinu eigi vísað frá dómi á þessum grundvelli.

Þá heldur stefndi því fram, að mál þetta sé allt meira og minna vanreifað. Ekki sé getið um neinar fjárhæðir, er innlausnin miðist við, ekkert upplýst um sjálf veiðisvæðin eða takmörk þeirra, jafnvel ekki heldur um örugg landamerki jarðarinnar. Ekki sé heldur upplýst um, hvernig áformað sé að ráðstafa hinum innleysta veiðirétti, ef til kemur. Þá hafi ekki verið leitað umsagnar stefnda, áður en ráðherra veitti innlausnarleyfið, enda umsóknin aldrei verið borin undir hann. Engin gögn hafi verið lögð fram um það, hvernig ráðuneyið og veiðimálastofnunin hafi tjáð sig um það. Að endingu heldur stefndi því fram sem frávísunarástæðu, að leyfi landbúnaðarráðuneytisins frá 13. júní 1967 sé ekki lengur í gildi, og þar sem stefnendur hafi eigi útvegað sér nýtt ráðuneytisleyfi fyrir innlausn veiðiréttindanna, sé það enn ein ástæðan til frávísunar málsins.

Ekki getur rétturinn fallist á það með stefnda, að vísa beri málinu frá vegna þess, að stefnendum hafi borið að fá nýtt ráðuneytisleyfi til innlausnar á veiðiréttindum, enda hafa þeir þegar leyfi til innlausnar frá landbúnaðarráðuneytinu, dags. 13. júní 1967. Það leyfi hefur eigi verið dæmt ógilt. Að því er varðar þá fullyrðingu stefnda, að mál þetta sé vanreifað, þá verður heldur eigi á það fallist, að vísa beri málinu frá af þeim sökum, ef eigi kæmi annað til, það sem nú skal frá greint:

Í máli þessu hafa verið lagðar fram margar greinargerðir úr fyrri málum aðiljanna. Aktur aukadómþingsmálsins nr. 9/1968 hefur verið lagður fram svo og hæstaréttarágripið. Af þessu leiðir, að ýmis skjöl í málinu hafa að minnsta kosti verið tvívegis lögð fram í dóminum. Þá er einnig á það að líta, að lögð hafa verið fram í dóminum skjöl, sem ekki snerta kjarna þess máls, sem hér er til úrlausnar. Því er það, að mál þetta, sem í eðli sínu er einfalt, er orðið ein slík réttarfarsleg flækja, að telja verður mála-tilbúnað af hálfu stefnenda brýnt brot á ákvæðum og anda einkamálaganna, nr. 85 23. júní 1936, um skýran málf lutning og glöggan, og þar sem eigi verður talið, að unnt sé að koma málinu í löglegt horf úr því sem komið er, þá verður ekki hjá því komist að vísa því frá dómi, (sbr. túlkun Hæstaréttar Íslands, t. d. í þess-

um dómum: Hrd. XVI bindi, bls. 444, og XXXVI bindi, bls. 336).

Einnig er á það að líta, að kröfugerð stefnenda í stefnu er eigi í samræmi við innlausnarleyfi ráðuneytisins frá 13. júní 1967.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnendur in solidum til að greiða stefnda málskostnað, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði. Málskostnaður þessi ákveðst kr. 15.000.

Magnús Thoroddsen, setudómari í Ísafjarðarsýslu, kvað upp dóm þennan. Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu. Stafar hann af jólaaleyfum.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Ragna og Sigríður Aðalsteinsdætur, greiði in solidum stefnda, Ólafi Helgasyni, kr. 15.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. febrúar 1975.

Nr. 47/1973. **Benedikt V. Gunnarsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Ingjaldi Guðmundssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dómenður:
hæstaréttardómaramir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1973. Upphaflega áfrýjaði hann málinu 29. janúar 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m., en héraðs-dómur var kveðinn upp 14. september 1972. Útivistardómur